

H(2) Iðnaðarmenn, sbr. flokk D, sem vinna í iðngrein sinni.

Mánaðarlaun 145.000 kr.

Árslaun 1.800.000 kr.

H(3) Ófaglærðir starfsmenn.

Mánaðarlaun 90.000 kr.

Árslaun 1.080.000 kr.

Reykjavík, 8. janúar 2001.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Dalabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Dalabyggðar þann 16. janúar 2001 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Snóksdals II, Dalabyggð.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Búðardal, 17. janúar 2001.

Einar Mathiesen sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um niðurlagningu sjóða.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði og stofnanir að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar:

Nr. í
sjóða-
skrá

Heiti

4	Gjöf Þorláks biskups Skúlasonar
5	Minning Magnúsar Jónssonar
11	Kotmýrar, Gjafasjóður Jóns Benediktssonar
13	Gjöf Davíðs Scheving, sýslumanns
15	Amtmannsgjöf til Vindhælishrepps
18	Meyjarland í Skagafirði
20	Eldgosasjóður Eyjafallahrepps
22	Neyðarforðastiptun Hrunamannahrepps
24	Framfaraskiptun sr. Ólafs og Jóhönnu Sívertsen
26	Verðlaunasjóður Guttorms Þorsteinssonar prófests
37	Gjöf Einars Sigurðssonar

Dagsetning
staðfestingar

01.07.1663
04.06.1667
25.09.1775
15.02.1792
30.09.1797
23.10.1816
07.05.1825
27.08.1828
03.10.1834
29.12.1837
08.08.1854

	Nr. í í B-deild Stjórnartíðinda
70 Styrktarsjóður Hjálmars Jónssonar	129/1903
79 Gjafasjóður Hans Ellefsens	111/1908
80 Gjafasjóður Idu Ellefsens	112/1908
87 Sjúkrahússjóður Reykjavíkurbæjar	122/1910
151 Styrktarsjóður Margrétar Bjarnadóttur	113/1917
154 Sjúkrasjóður Blönduósslæknishéraðs	10/1918
249 Styrktarsjóður Sjúkrasamlags Sauðárkróks	15/1926
251 Sjúkraskýlissjóður Flateyrar	51/1926
271 Minningarsjóður Aðalsteins Ólafssonar frá Hvallátrum	81/1927
285 Barnahælisjóður Jórunnar Ísleifsdóttur Melsted	81/1928
308 Framkvæmdasjóður Hellisands	77/1930
310 Ræktunarsjóður jarðarinnar Traðar í Bjarnadal í Önundarfirði	84/1930
311 Styrktarsjóður til menningar handa fátækum, efnilegum unglingum í Flateyrahreppi	98/1930
334 Jörðin Viðfjörður í Norðfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu	57/1932
345 Kirkjusjóður Borgarness	111/1932
450 Minningarsjóður Ingunnar Knútsdóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur	198/1939
457 Minningarsjóður systkinanna Guðrúnar Þorvaldsdóttur og Alberts Þorvaldssonar	84/1940
465 Náms- og ellistyrktarsjóður starfsmanna Félagsprentsmiðjunnar hf.	154/1940
488 Skógræktarsjóður Ásbyrgis	142/1941
494 Styrktarsjóður síra Jens Pálssonar prófests	181/1941
512 Minningarsjóður Sigurjónu Jóakimsdóttur	101/1942
519 Minningarsjóður Ólafs Steingrímssonar og Ingibjargar Runólfsdóttur	175/1942
532 Minningarsjóður Hallbjargar Þorláksdóttur frá Fifuhvammi og Gríms Jóhannssonar frá Nesjavöllum	96/1943
536 Minningarsjóður Guðnýjar M. Kristjánsdóttur og Gísla G. Ásgeirssonar	140/1943
554 Ekknasjóður Íslands	47/1944
563 Minningarsjóður Ingibjargar Björnsdóttur húsfreyju á Torfalæk	81/1944
567 Minningarsjóður Guðbjargar Jónsdóttur, Sigríðar Guðmundsdóttur og Jóns Guðmundssonar á Brúsastöðum	90/1944
651 Minningarsjóður Christians Björnæs símverkstjóra	144/1947
653 Signýjarsjóður	179/1947
667 Minningarsjóður Árna M. Mathiesen	32/1948
682 Minningar- og gjafasjóður Hraunskirkju í Sandaprestakalli í Dýrafirði	118/1948
725 Nemendasjóður Gagnfræðaskóla Austurbæjar	70/1950
734 Minningarsjóður Jórunnar Guðmundsdóttur	180/1950
745 Minningarsjóður Jóns Guðmundssonar og Elísabetar Engilbertsdóttur á Flateyri á Önundarfirði	13/1951
773 Sjóður Snorra Sigfússsonar og nemenda hans á Flateyri 1912-30	139/1952
775 Afmælisjóður Ingveldar Kjartansdóttur	155/1952
784 Félagsheimilissjóður starfsmanna Reykjavíkurbæjar	225/1952
798 Minningarsjóður Steinþórs Sigurðssonar	80/1953
821 Minningarsjóður Sveins L. Árnasonar, Álafossi	109/1954
824 Minningarsjóður Bjarneyjar J. Friðriksdóttur og Jóhanns Jónssonar frá Auðkúlu í Arnarfirði	120/1954

	Nr. í í B-deild Stjórnartíðinda
830 Minningarsjóður hjónanna Sveins Gunnarssonar og Margrétar Árnadóttur frá Mælifellsá í Skagafirði	29/1955
867 Byggingarsjóður Garðakirkju	42/1958
900 Minningarsjóður frá Gunhördu Magnússon	32/1960
912 Elísabetarsjóður	203/1960
956 Minningarsjóður Þorláks Jónssonar, Ingibjargar Bjarnadóttur og Sigríðar Bjarnadóttur	223/1962
1066 Barnaheimilissjóður Sjómannadagsins í Reykjavík	110/1969
1074 Minningarsjóður sr. Ingólfs Þorvaldssonar fyrrverandi sóknarprests í Ólafsfirði	230/1969
1110 Barnaheimilissjóður hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“, Patreksfirði	72/1972
1168 Minningarsjóður Katrínar Pálsdóttur (Katrínarsjóður)	284/1976
1210 Byggingarþjónustan	169/1979
1293 Minningarsjóður Steingríms Jóns Guðjónssonar	203/1985
1408 Minningar- og styrktarsjóður Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Egils Júlíussonar	617/1991
1416 Sjálfseignarstofnunin Réttarholt	127/1992
Minningarsjóður Kvenfélagsins Líknar	252/1964

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. janúar 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um fráveitu, holræsi og holræsagjöld í Blönduóssbæ.

I. KAFLI

Um fráveituna.

1. gr.

Blönduóssbær starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu og sveitarsjóður kostar rekstur fráveitunnar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveituna og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

2. gr.

Fráveitan, sem byggir á holræsakerfi og búnaði í eigu Blönduóssbæjar, veitir fráveituvatni frá byggð til viðtaka. Fráveituvatn getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn og ræsisvatn. Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi af götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Enn fremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, rotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

3. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögn.